

Fundargerð

Stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn fimmtudaginn 11. janúar 2024 kl. 15.00 á skrifstofu félagsins Þönglabakka 4

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason Klein, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnheiður Halldórsdóttir og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Kristinn Karel Jóhannsson fjármálastjóri Félagsbústaða og Erik Tryggvi Striz Bjarnason, fjármála- og áhættusviði Reykjavíkurborgar dagskrálið 3.

1. Fundargerð stjórnarfundar 30. nóvember 2023

Fundargerðin var lögð fram og undirrituð.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemina ársins 2023 lá fyrir fundinum. Farið var ýtarlega yfir skýrsluna og hún rædd.

Lagt fram til kynningar.

3. Greining á stöðu félagsins

Farið var yfir starf og áherslur vinnuhóps um greiningu á stöðu Félagsbústaða, sem skipaður með erindisbréfi borgarstjóra dags. 10. október 2023, að beiðni stjórnar félagsins.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Félagsbústaða kynntu málið ásamt Erik Tryggva Striz Bjarnasyni frá fjármálasviði Reykjavíkurborgar. Öll eiga þau sæti í framangreindum hóp.

Nokkur umræða varð um málið.

Í ljósi fram kominna upplýsinga um þróun vaxtakjara og íbúðaverðs á almennum markaði og áhrif þessara þátta á forsendur Félagsbústaða fyrir íbúðakaupum, ákvað stjórn félagsins að leggja fyrir framkvæmdastjóra að ekki yrðu keyptar íbúðir á almennum markaði um sinn. Sú ákvörðun verður tekin til endurskoðunar þegar tillögur hópsins liggja fyrir.

4. Fundaáætlun stjórnar 2024

Lögð var fram áætlun um tímasetningu stjórnarfunda árið 2024.
Fundaáætlunin var samþykkt.

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 17.00

Haraldur Flosi Tryggvason

Ellý Alda Þorsteinsdóttir

Kjartan Magnússon

Magnús Davíð Norðdahl

Ragnheiður Halldórsdóttir